



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á aðalfundi
VM – Félags vélstjóra og málmtæknismiða
4 apríl 2008**

Ávarpið var flutt blaðlaust og vélritað eftir upptöku

Góðir gestir og þið öll sem hér eruð samankomin.

Það er vissulega ánægjulegt fyrir mig að fá tækifæri til þess að koma á ykkar vettvang þótt mér þykir leitt að hafa ekki getað verið hér á réttum tíma. Okkar góði vígslubiskup á Hólum sr. Bolli var jarðsettur í dag og það var í senn skylt og mér mikilvægt að fylgja honum þessa síðustu göngu.

Mér var hugsað til þess þegar hlýtt var á merk minningarorð um sr. Bolla að hún hefur breyst ansi mikið veröldin hjá okkur Íslendingum á æviskeiði þeirrar kynslóðar sem nú er óðum að kveðja. Ég hef löngum sagt við marga á erlendum vettvangi að það hafi verið mér mikið lán að alast upp í litlu þorpi vestur á fjörðum og fá að kynnast því samfélagi sem var enn mótað af baráttu fólksins, baráttu fyrir brauðinu og fyrir lífinu, baráttu sem kostaði ætíð miklar fórnir.

Nánast hver fjölskylda í þorpinu þekkti af eigin raun þá sem sjórinn hafði tekið. Hver fjölskylda varð á haustin að verja góðum tíma til að afla fæðu til vetrarins – verka kjötið í tunnur, taka upp kartöflurnar, fara á fjall, þar til kjallarinn var orðinn fullur í októberlok. Ef það var ekki gert þá voru áhöld um hvort forði væri til vetrarins og fram á næsta sumar.

Í þessu litla þorpi var einn kjarni umfarm aðra. Það var smiðjan, þessi merkilega smiðja sem Guðmundur Sigurðsson stofnaði ungur eftir að hafa farið til Kaupmannahafnar. Hann kom heim í þetta litla fámenna þorp, þrjú hundruð manna eða svo, þar sem vetrarmyrkrið grúfði yfir og engin orka var önnur en olían til að kynda, fáein götuljós, kom heim í þetta litla þorp með heimstæknina í farangrinum og hóf að reka litla

smiðju sem smátt og smátt varð ekki aðeins fræg um Vestfirði og landið allt heldur náði líka út í heim, framleiddi spil og annað sem flutt voru jafnvel svo langt að finna mátti þau í Singapúr og víðar í fjarlægum löndum.

Þessi smiðja var kjarninn í þessu litla þorpi. Hún var annað og meira heldur en verkstæði og viðgerðarstöð. Hún var líka skóli. Ekki aðeins á gólfinu í smiðjunni heldur líka heima hjá Guðmundi þar sem ungir menn sem komu víða að af landinu voru teknir í fæði og kost og síðan settir á skólabekk á kvöldin þegar löngum vinnudegi í smiðjunni lauk, útskrifaðir hver af öðrum, vélstjórar og málmteknimenn sem fóru á togarana og kaupskipin, Fossana og Fellin, báru hróður smiðjunnar vítt og breitt um landið allt.

Karlarnir í smiðjunni, afi minn og nafni Ólafur Ragnar, þeir allir, Guðmundur og Matthías sonur hans voru lærimeistarar, eins konar prófessorar vélsmiða og tæknimanna sem síðan mönnum flotan, fóru vítt og breitt um landið allt, til Seyðisfjarðar, Ísafjarðar, hingað suður, og báru þessari kunnáttu vitni. Að ógleymdum fiskiskipunum og togurunum sem komu af miðunum og leituðu helst til Þingeyrar þegar á bjátaði, allt var stopp, vegna þess að þar var að finna kunnáttumenn sem gátu gert við allt, sama hvað bilaði, sama hvað brotið var, skrúfan eða annað í vélarúmi; allt gátu þeir smíðað að nýju í smiðjunni á Þingeyri, teiknuðu upp, gerðu fyrst úr tré og settu svo mótin í sand, bræddu sjálfir í smiðjunni. Stundum án hlífða og hanska, töldu ekki taka því að setja á sig því nauðsyn væri að koma skipunum út, hefja veiðar á nýjan leik. Þeir fengju ekki háa einkunn hjá eftirlitinu á okkar tímum, en þannig var hugsunin: að þjóna og gera við.

Uppi á loftinu í skemmuni er enn að finna safn mótanna sem þeir smíðuðu úr tré til þess að geta svo brætt málminn í sama far. Allt var brætt, allt var endurnýjað. Þetta var í raun og veru umhverfisvæn vinnsla. Sama hvar hægt var að finna ryðgaðan málmút vestur á fjörðum, öllu tóku þeir við í smiðjunni á Þingeyri og gerðu úr glæsta gripi, bræddu. Öllu var til haga haldið.

Ég minnst þess að Matthías, sonur Guðmundar, sagði við mig, kominn á efri ár, orðinn einn í smiðjunni þegar ég heimsótti hann fyrir vestan, að til hans hefðu komið tvær systur frá Bretlandi; faðir þeirra hafði farist á breskum togara í fjarðarmynni Dýrfjarðar. Þær voru komnar rúmum fjórtíu árum síðar á þessar slóðir og ætluðu að fara út í fjörðinn og setja krans á sjóinn í minningu föður síns. Matthías fór upp í hillu, tók fram viðgerðarbókina, fletti upp fjórtíu ár aftur í tímann og las fyrir þær nákvæma skrásetningu á því sem gert hafði verið við í togaranum áður en hann fór út.

Það var gaman að Matthíasi. Hann var auðvitað mikill snillingur, hafði farið ungur út til náms, frábær stærðfræðingur og vélsmiður. Allt lék í höndum hans, en líka dálítið óvenjulegur. Það var nokkru síðar eftir að ég hafði verið fjármálaráðherra og hafði barist fyrir því að teknir væru upp kassar alls staðar þar sem viðskipti voru til að skrá skattinn. Öllum var skylt að kaupa slíkar vélar.

Ég heimsótti Matthías í smiðjuna og hann sagði við mig. „Já, þú varst að koma á þessum kössum og af því að þetta varst nú þú og hafðir verið hér hjá okkur í smiðjunni þá keypti ég svona kassa“. Ég kunni ekki við að segja við hann að þetta hefði verið lagaskylda en þakkaði fyrir að hann skyldi hafa gert þetta fyrir mig. Svo fór hann með mig fram á lager og sagði: „Á ég ekki að sýna þér kassann?“ „Jú, jú“ sagði ég. Þá benti hann mér stoltur á efstu hilluna þar sem kassinn var og hafði náttúrlega aldrei verið settur í samband á öllum þessum árum. Af því að ég var alinn upp í þessari smiðju þá gerði ég enga athugasemd við þessa framkvæmd Matthíasar.

Það var líka í þessari heimsókn að hann fór með mig að vinnuborði afa míns. Þar hafði afi minn staðið í þau fimmtíu og fjögur ár sem hann var í smiðjunni. Matthías opnaði skúffuna – það voru tæp þrjátíu ár frá því að afi hafði yfirgefið smiðjuna, aldraður, komið hingað suður – opnaði skúffuna og dró fram viðgerðarbókina sem afi hafði fært í öll sín verk frá því hann fór að vinna fyrst sem lærlingur í þessari smiðju. Matthías hafði geymt bókina í sömu skúffunni í nærri þrjátíu ár, gaf mér og ég geymi hana á Bessastöðum, góðan grip.

Ég er ekki að rekja þetta hér í dag til þess fyrst og fremst að rifja upp mínar eigin minningar heldur til að áréttu merkilega hefð, sterka sögu, heiðra þá kynslóð sem gerði málmtækni og vélsmíði á Íslandi að svo öflugum fagi og svo vandaðri atvinnugrein að hróður þeirra fór um önnur lönd. Þeir sem áttu biluð skip við Íslandsstrendur kusu helst að viðgerðin færi um hendur heimamanna.

Þessi smiðja var mér líka mikilvæg uppeldisstöð. Karlarnir sem helguðu henni allt sitt líf fengu enga aðra menntun heldur en iðnámið sem þeir hlutu hjá Guðmundi gamla þegar þeir komu úr sveitinni til að fara í smiðjuna. Hún gerði þá að vélsmiðum og málmtæknimönnum á heimsvísu. Það var víðar en á Þingeyri, eins og við vitum öll hér í þessum sal; það voru aðrir firðir fyrir vestan, Vélsmiðjan Þór á Ísafirði, Marsellius, slippurinn, annar á Akureyri, austur á Seyðisfjörð, hér í Reykjavík; þannig mátti lengi telja.

Það var gaman fyrir tveimur vikum að koma aftur vestur á Ísafjörð og heimsækja 3X sem í upphafi hét 3X Stál og heitir núna upp á heimsvísu 3X Technology og hitta nýja kynslóð málmtæknimanna og

vélsmiða sem byggja á þessari sterku hefð, þessari miklu sögu sóknarfyrirtæki á heimsvísu. Stofnað af þremur ungum mönnum sem allir þekktu sína heimaslóð, starfstöðina hjá Merselliusi, vélsmiðjuna Þór, slippinn en höfðu draumsýn og metnað til þess að leggja ekki upp árar heldur hefja nýja sókn. Þeir sögðu í hreinskilni við mig í heimsókninni núna fyrir skömmu að margir gömlu karlarnir úr smiðjunum á Ísafirði hefðu ekki haft á þessu mikla trú.

Ég sagði við þá að þessi glæsilega starfsstöð 3X sem hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands fyrir tveimur árum, virðulegustu og mikilvæglegustu verðlaun sem veitt eru í íslensku atvinnulífi, ætti í raun og veru að vera eins konar hreinsunarstöð fyrir alla þá sem haldnir væru bölsýni um framtíð landsbyggðarinnar eða tæknigreinanna í atvinnulífi okkar Íslendinga. Það yrðu skipulagðar hópferðir, sem ég vil kalla „bölsýnisferðir“ vestur á firði. Gestir væru teknir af flugvellingum og niður á Eyrina þar sem 3X er búið að koma sér fyrir í gömlu rækjuverksmiðjunni, umbreyta henni. Það væri mæld í þeim bölsýnin áður en þeir færu inn. Síðan væru þeir teknir í gegnum þetta glæsilega nútímavædda fyrirtæki sem hefur skapað sér markað í hátt á annan tug þjóðlanda og hefur í vinnu nýja kynslóð tæknifólks og vélsmiða, teknir í stóru salina þar sem vélsmiðirnir eru að smíða vinnslutækin fyrir hinar erlendu pantanir. Þegar þeir löbбуðu út þá væru þeir mældir aftur. Ef bjartsýnin væri ekki komin í staðinn fyrir bölsýnina þá væri bara eitthvað að þeim.

Ég nefni þetta hér í dag vegna þess að sú sveit manna sem vestur á Ísafirði hefur byggt upp þetta fyrirtæki, hefur gert það í nafni þeirrar arfleifðar sem ég nefndi í upphafi. Hún hefur gert það meðvitað til að heiðra og þakka framlag þeirra kynslóða sem byggðu upp vélsmiðjurnar og málmtæknina vítt og breitt um landið. Það voru þeirra uppeldisstöðvar. Þeir höfðu dug og kraft til að taka þessa arfleifð, nýta sér upplýsingatækni nútímans og þau menntunarskilyrði og starfsþjálfunarskilyrði sem í boði eru í dag og skapa sér nafn á heimsvísu.

Nú liggi ekki aðeins fyrir pantanir fyrir vélar í sjávarútvegi og rækjuvinnslu og aðrar atvinnugreinar tengdar afurðum hafsins heldur hafa kjötvinnslufyrirtæki í Evrópu og víðar um heim einnig sótt á þessar slóðir. Það er rækileg sönnun þess að sú verkkunnátta, sú saga, sú þjálfun sem málmiðnaðargreinarnar og véltæknin á Íslandi býr yfir getur orðið, ef rétt er á haldið, mikilvæg auðlind í atvinnulífi nútíðar og framtíðar hjá okkur Íslendingum.

Það var gaman að sjá þessa fjölmennu starfssveit af ungu fólki sem vinnur hjá þessu fyrirtæki og kynnast í samræðum bjartsýni þeirra á framtíðina. Ég sagði við vin minn bæjarstjóran: „Hvernig stendur á því í

öllu þessu bölsýnistali um Vestfirði og landsbyggðina og erfiðleikana og svartnættið að þetta glæsilega fyrirtæki á heimsvísu er ekki sýnishorn númer eitt, dæmi um það sem hægt er að gera, hvatning til þess að sækja fram á nýjar brautir?“.

Fyrirtækið byggir fyrst og fremst á verkkáttu og hæfni þeirra sem þar vinna. Það er enginn galdur í því fólgin annar en verkkunnáttan sem hér var byggð upp af þeirri kynslóð sem ég nefndi í upphafi og af ykkur sem hér eruð saman komin í þessum sal, allri þeirri fjölmennu sveit sem í rúm hundrað ár hefur hér komið að verki.

Það er sönnun þess að sú kenning sem margir voru með fyrir fimmtán til tuttugu árum – og ég þekki vel þá orðræðu – að í raun og veru væri bara spurning hve skammt væri eftir til endaloka skipasmíða, málmgreina og slíkra tæknigreina í okkar atvinnulífi – að öll sú umræða var í raun á villigötum.

Við getum tekið fleiri dæmi. Við getum tekið Marel, fyrirtæki sem líka er fyrst og fremst byggt á hugviti og kunnáttu en hefði orðið lítið úr ef ekki hefði komið til verkkunnátta þeirra sem þar hafa skapað vélar og tæki.

Það var fróðlegt að heyra stjórnendur þessa fyrirtækis, 3X, lýsa því að nú þyrftu þeir enga sölumenn. Þeir þyrftu ekkert kynningarkerfi. Þeir legðu ekki krónu í að kynna vélar sínar og tæki á alþjóðlegum markaði. Nú settu þeir bara myndir á netið, á heimasíðuna og pantanirnar bærust til þeirra hvort sem væri frá Nýfundnalandi eða Úkraníu eða fjarlægum löndum án þess að þeir hefði einn einasta sölumann. Því að gæðin væri það sem seldi. Orðsporið um hvað vélarar væru góðar og hve hagamannlega þær væru smíðaðar væri það sem skipti máli.

Svo leiddu þeir mig stoltir að nýjum tækjum sem þeir hafa verið að smíða og finna upp til þess að ná enn meiru úr úrganginum í sjávarútveginum, til að auka arðsemina þegar kvótinn hefur verið minnkaður og aflinn dregst saman. Þeir sögðu líka stoltir frá því að þegar stjórnandi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins heimsótti þá fyrir áratug eða svo og spurði í forundran af hverju eruð þið ekki fyrir sunnan, þar er allt, þar eru allar miðstöðvarnar og rannsóknastofnanirnar. Þeir tóku hann út á tröppur og sögðu: Hér er rækjuvinnslan. Hér er frystihúsið. Það eru fyrirtæki á næstu fjörðum. Við vinnum allt okkar í samvinnu við þá. Við eigum í gegnum atvinnulífið aðgang að bestu tilraunastöð sem völ er á – atvinnulífinu sjálfu.

Þessi ferð fyrir tveimur vikum var mér, eins og þið heyrið, tilefni til að sjá í ákveðnu samhengi upprunann frá mínum æskuárum, veröldina sem ég kynntist í smiðjunni á Þingeyri og svo framtíðina, möguleikana,

tækifærin sem við eigum í byggðarlögum allt í kringum landið ef við höfum vit og vilja til að vinna saman á þann hátt að nýta okkur þá hæfni og þá kunnáttu, það verklag sem safnast hefur saman í landinu og þær aðstæður sem nýr heimur og ný upplýsingatækni færir okkur.

Eins og þeir sögðu sjálfir fyrir vestan: Úti í heimi er ekki spurt hvort þetta er frá Ísafirði eða Reykjavík. Úti í heimi er það bara nafn Íslands sem selur, sú gæðamynd sem íslenskir handverksmenn og kunnáttumenn hafa skapað, vélar og tæki sem þeir hafa smíðað.

Auðvitað er enginn okkar handhafi alsherjar visku um hvað framtíðin beri í skauti sér. En ef einhver hefði dregið upp þá mynd vestur á Ísafirði fyrir fimmtán árum að þetta væri hægt, þá hugsa ég að bæði ég og allir hefðu sagt: Nei, líklegast ekki. Alveg á sama hátt og ef einhver hefði sagt við Guðmund Sigurðsson þegar hann kom ungur maður til Þingeyrar frá Kaupmannahöfn upp úr aldamótunum 1900 að hann ætti eftir að smíða tæki sem seld voru í Singapúr, þá hefðu menn líka sagt: Það er ekki hægt. Eða ef einhver hefði spáð því þegar fyrsti Fossinn kom til Íslands og menn voru að stofna Eimskipafélagið að Íslendingar ættu eftir að byggja upp kaupskipaflota sem ekki aðeins þjónaði landinu sjálfu heldur líka fjölmörgum öðrum löndum, fiskiskipastól sem aflaði svo vel að hlutfall þjóðarinnar í heildarafla heimsins væri langt umfram það sem íbúafjöldinn gefur til kynna, þá hefðu menn líka sagt: Nei, það er líklegast ekki hægt.

Í öllum þessum efnum hefur það verið kunnátta ykkar félaga, vélakunnátta, málmsmíðin, tæknikunnátta, verklagið sem hefur gert okkur þetta kleift. Ég er sannfærður um að þróun heimsviðskiptanna er á þann veg að þetta getur áfram nýst okkur vel ef við höfum vit og framsýni til þess að hlúa að og styrkja þennan þátt, að gefa ungu fólki vissu um að í þessum efnum er hægt að finna sér glæsilega framtíð, byggja á menntun, hæfni, kunnáttu og umfram allt þeirri gleði að skila góðu verki. Alveg eins og karlarnir í smiðjunni á Þingeyri gengu glaðir heim á síðkvöldum eftir langan vinnudag, skítugir upp fyrir haus, af því að þeir höfðu fyrst og fremst skilað góðu verki.